

>> NÝR FARVEGUR

Ráðstefna um
hönnunarstefnu
Íslands 26. ágúst

Fyrirlesarar á ráðstefnunni Nýjum farvegi



John Thackara er rithöfundur, fyrirlesari og ritstjóri vefsins Doors of Perception. John hefur verið áhrifamikill í umræðunni um hönnun, samfélag og umhverfi. Hann skrifaði bókina In the Bubble: Designing in a Complex World þar sem hann varpar ljósi á þá sóun sem á sér stað í framleiðsluferlum og lífnaðarháttum nútímans en bendir jafnframt á fjölmörg verkefni þar sem breytingar eru þegar að eiga sér stað. Hann tekur jákvæðan pól í hæðina og telur hönnun geta verið lykilatriði í átt að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað ásamt því að styrkja efnahagslegan árangur þjóða og fyrirtækja.

www.thackara.com



Dr. Elizabeth (Dori) Tunstall prófessor í hönnunarmannfræði við Swinburne háskólann í Melbourne. Dori fjallar um hönnun og samfélag. Hvernig hönnun umbreytir mannlegum gildum í áþreifanlegan veruleika og skiptir þannig miklu máli í mótun samfélaga. Dori skipulagði og ýtti af stað mótun hönnunarstefnu Bandaríkjanna.

www.dori3.typepad.com/



Jan Stavik er hagfræðingur og framkvæmdastjóri norska hönnunarráðsins (Norsk Design). Norðmenn hafa unnið ótulllega að eflingu hönnunar undanfarin áratug og vinna nú að sinni þriðju hönnunarstefnu. Hönnunarráðið hefur það hlutverk að auka tiltrú á mikilvægi hönnunar í fyrirtækjum landsins og efla notkun hönnunar í nýsköpunarþróun. Og þannig stuðla að auknum gæðum og samkeppnishæfni. Jan hefur verið forstjóri BEDA (The Bureau of European Design Associations) síðastliðið 4 ár og hefur unnið að samþættingu hönnunar í nýsköpunarstefnu Evrópusambandsins.

www.norskdesign.no/



Marina Candi verkfræðingur og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpun og frumkvöðlafræðum. Marina varði nýverið doktorsritgerð sína frá Copenhagen Business School, þar sem hún rannsaði útbreiðslu og notkun fagurfræðilegrar hönnunar við þjónustunýsköpun í nýjum tæknifyrirtækjum.

www.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1540-5885.2010.00770.x/abstract